



Garðabær 22.ágúst 2016

Berist til: Gunnars Einarssonar, Bæjarstjóra Garðabæjar

Erindi: Leyfi fyrir að halda árshátíð Marels í Ásgarði

Á síðasta ári fékkst leyfi fyrir því að knattspyrnudeild ásamt körfuboltadeild fengu að sjá um árshátíð Marels í einum af íþróttasölum Garðabæjar. Það er minn skilningur að þetta fyrirkomulag hafi gengið mjög vel og þessi liður verið mikilvægt fjáröflunartækifæri fyrir meistaraflokkana þá sérstaklega körfuboltann sem er í erfiðleikum með að fjármagna starf sitt.

Nú hefur Stjörnunni aftur borist ósk frá Marel um þessa þjónustu sem ég tek sem skilaboðum um að vel hafi verið staðið að málum í fyrra og gaman að sjá að eitt af stærstu fyrirtækjum landsins sem er einmitt með höfuðstöðvar sínar í Garðabæ sé að leita eftir samstarfi við Stjörnuna í þessum efnum.

Ósk mín er því sú hvort Stjarnan megi fá leyfi frá Garðabæ til að taka að sér þennan viðburð og jafnvel skoða það að þá viku sem vetrarfrí er í Garðabæ að bjóða upp á samskonar þjónustu fyrir önnur fyrirtæki sem gætu haft áhuga, en röskun á íþróttastarfi væri í algjöru lágmarki á þeim tíma. Þetta gæti hjálpað verulega til í fjáröflun meistaraflokka félagsins. Við myndum að sjálfsögðu taka fulla ábyrgð á viðburðunum og að þeim væri staðið með sóma.

Fjáraflanir líkt og þessar þekkjast vel innan íþróttasíðans og í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem allir flokkar eru að bitast um sama peninginn/styrkinn er mikilvægt að leita annarra leiða og frábært ef deildir geta sameinað krafta sína og unnið saman að verkefnum líkt og þessum í stað þessa að vera ávallt í samkeppni.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri